



Katrín Sigurðardóttir

20. ágúst - 3. október 2004



Katrín Sigurðardóttir hefur á fáum árum haslað sér völl sem ein áhugaverðasta listakona Íslendinga. Hún sýnir verk sín í Bandaríkjunum og víða um Evrópu, og nafn hennar er komið inn í alþjóðlegar uppflettibækur um fremstu listakonur samfímans.

Ástæða þessa áhuga á verkum Katrínar er eflaust sú, að þau vekja samhljóm meðal einstaklinga allra þjóða, þar sem þau fjalla um kortlagningu ferðalaga mannsins í tíma og rúmi, í raunveruleikanum eða í huganum. Þessi ferðalög vísa hins vegar ekki til flóttu frá einum heimi til annars, heldur rannsöknar á því sem er yfirgefið, og með hvaða hætti það verður óaðskiljanlegur hluti af ferðamanninum; fjöllin, eyjarnar, húsin, garðarnir – uppsöfnuð lífsreynsla listakonunnar frá barnæsku til fullorðinsára.

Með þessari sýningu heldur rannsöknarstarf Katrínar áfram; skráning reynslu, tenging staða – og gestum Listasafns Reykjavíkur er boðið að taka þátt í ferðalagi listakonunnar.

Eiríkur Þorláksson,
forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur.

Katrín Sigurðardóttir has within only a few years made her reputation as one of the most interesting artists from Iceland. She exhibits her works in the United States and throughout Europe, and her name is to be found in international reference books on the most prominent women in contemporary art.

The reason for this interest in Katrín's works is undoubtedly that they create an harmonious response among individuals of all nations, as they deal with a mapping of the human journey through time and space, in real time or in the imagination. These travels, however, do not refer to a flight from one world to another, but to an examination of what is left behind, and how it becomes an integral part of the traveller; the mountains, the islands, the buildings, the gardens – the accumulated life experience of the artist from infancy to adulthood.

With this exhibition the investigations of Katrín Sigurðardóttir continue; the registration of experiences, the joining of places – and the guests of the Reykjavík Art Museum are invited to take part in the artist's journey.

Eiríkur Þorláksson
Director, Reykjavík Art Museum.

Nær og fjær: Um verk Katrínar Sigurðardóttur

Árið 2000, þegar ég fyrst skrifaði grein um íslenska samfélalistamenn fyrir fimaritið *Art in America*, var það mér sérstök uppgötvun að sjá hversu uppteknir þarlendir listamenn voru af Íslandi sjálfu, af menningu þess og sögu, og sér í lagi hinu stórbratna og margbreytilega landslagi—í miklu meira mæli en ég hafði rekist á annars staðar. Um þetta ritaði ég: "... eitt sem þú tekur eftir með marga (íslenska) listamenn, og þá skiptir engu hversu alþjóðlega þenkjandi þeir eru (svo til allir hafa stundað nám og verið búsettir erlendis í einhvern tíma) er að fyrir eða síðar kemur Ísland fram í verkum þeirra, sem óþreifanlegur staður, uppspretta ímynda og efnis eða—enn dularfyllra fyrir utanaðkomandi aðila—sem alltumlykjandi kraftur sem viðkomandi á í stöðugri samræðu við. Það er ekki svo að verk dagsins í dag fjalli á beinan hátt um Ísland—því fer fjárrí. En Ísland er þar, djúpt í rannsókn listamannsins, þessi ættjörð hugans, sem hægt er að nálgast í gegnum djúp tilfinningatengsl eða með hvasstri ironíu, með undrun jafnt sem hjörum, ljóðrænni trúfestu og óvæginni gagnrýni."

Þegar þetta var ritað þekkti ég ekki verk Katrínar Sigurðardóttur, sem ég átti eftir að rekast á stuttu síðar í New York. Þegar ég uppgötvaði verk hennar, sá ég strax í þeim það sem hafði upprunalega heillað mig á Íslandi: snjall og sérstæður listamaður, sem hleður verk sín orku sem hún sótti í margslungið samband við ættjörð sína, þar með talið sérstæft landslagið og jarðfræðina. En einnig í hennar eigin lífstak brottfara og heimkoma, minni, ímyndun, og stundum firringu og átök. Á þeim tíma var Katrín að vinna „landslags-húsgögn“ úr svampi. Útkoman líkist minnkaðri útgáfu af víðáttu, trúlega íslenskum öræfum, sèðri úr mikilli hæð, t.d. flugvél eða jafnvel gervihnetti. Þessar eftirmyndir af „náttúrunni“ fólu í sér nokkuð af stórfengleika og furðum hennar, en leiddu einnig hugann að mólgerð, uppstillingum í söfnum (dioramas) og leikmunum kvikmynda. Þegar náttúran birtist í verkum Katrínar, er vísunin ætíð óbein, háð allskonar menningarlegum og persónulegum myndbreytingum og meðhöndlun.

En samt sem áður fylltist maður löngun til að leggja stíðir í þessum sérstæðu smáheimum, til að loka

augunum og láta sig dreyma, til að ferðast í huganum, til að renna saman við frumöll byggingar og hönnunar. Náttúruleikar Katrínar búa yfir þess konar hrærandi og jafnvel hugarfarsmótandi krafti. Fyrir verk sitt *High Plane* (2002), smíðaði Katrín hóan pall, líkt og svið sem hvíldi á burðargrind úr víði. Tveir stigar buðu áhorfandanum að þrifa upp og stinga höfðinu í gegnum ferningslaga op til að sjá enn eitt stórkostlegt, tilbúið víðerni Katrínar, í þessu tilfelli 29 smá fjöli (byggð á íslenskum fjöllum) öll gerð úr bláu einangrunarefni. Þetta vakli með manni þá tilfinningu að maður horfið yfir kílómetra eftir kílómetra af hrfandi landslagi, en ekki að maður væri í návígi við litla hauga af gertifeni keyptu í byggingavörverslun. Óvænt viðbót við þessa upplifun var að ef tveir áhorfendur horfðu samtímis í gegnum opin sem eru á mótli hvort öðru, þá sáú þeir einnig hvor annann yfir, að því er virðist geysimikla víðáttu. Skáldað landslag Katrínar leikur því tveimur skjöldum því það má einnig skilja sem geðhrensandi tengingu á milli tveggja persóna.

Annarsstaðar hefur Katrín búið til smálíkon af landslagi, mótun úr plasti og módelefnum, í flutningskössum og ferðatöskum. Ef kassinn eða ferðataskan er opnuð, kemur í ljós landslag sem stundum er byggt á raunverulegum stöðum jafnt sem ímynduðum, og oft samblandi af hvoru tveggja. Það sem meira er, þetta landslag tveggja heima virðist vera í senn sannfærandi og fullkomlega yfirskilvitlegt. Í verkum sínum hristir Katrín gjarnan upp í hugmyndum okkar um nálægð og fjarlægð, byggingarlist og náttúru, upplifun og minningu, og dregur þannig athyglina (með kænsku) að því hvornig við skynjum í raun og veru.

Þegar kemur að samþættingu hennar á byggingarlist, hönnun og landslagi, vísar Katrín í veru sína í New York sem áhrifaald, og þá meira borgina sjálfa en þá list sem þar verður til. New York-borg er stöðugt í deiglu, þar rísa byggingar og falla, og yfirbragð heilu hverfana breytist í sífellu. Sá sem fer úr borginni, þó ekki sé nema í nokkra mánuði, má búast við að margt komi ókunnuglega fyrir sjónir við heimkomuna, nýjar byggingar gnæfa á óvæntum stöðum og gamlar bygginga hafa verið rifnar eða gerðar upp. Listamaður í New York þarf líka iðulega að standa í barnangi við að koma sér

upp vinnustofu og bæði reisa og rífa niður veggj aftur og aftur. Aðrir þættir sem greina má í verkum Katrínar eru sér í lagi konnun hennar á dekonstruktífri byggingarlist ásamt reynslu hennar af að setja upp heimili í brotakendrri, ókunnri borg. Það að Katrín notar oft slitur úr byggingarlist og hvernig verk hennar kalla fram sundrungu, rask, flutning og stöðugar enduruppötvanir, gefur til kynna endurteknar tilraunir til að finna gríðastað í borg sem er allt í senn nálæg og fjarlæg, kunnugleg og óendanlega framandi.

Í nýjstu verkum Katrínar færir hún sér í nyt og umbýltir um leið sumum af helstu grunnþáttum byggingarlistar, t.d. veggjum, hillum, herbergjum, geymslurýmum og skipulagi. Í þeim verkum Katrínar sem eru sveigð undir lögmál byggingarlistar og innahússhönnunar skína samt sem áður í gegn villtar fregnir að utan, og í hennar tilfelli er það oftast nær (en þó ekki eingöngu) Ísland með jökulum, fallandi ám, stórskornum fjöllum, hrjúfum bergmyndunum og hrjóstrugum hraunbreiðum—í stuttu máli sagt; þetta „heimaland á heilanum“ sem birtist í verkum hennar á óvæntan og trúverðugan hátt.

Eitt af hlykkjöttum, lágreistum verkum Katrínar, sem gert er úr módelvið og vírneti, blandar ganginum í íbúðarblokk hennar í New York saman við hluta af farvegi Jökulsár á Fjöllum. Önnur verk í þessari röð vísa í útlinur Íslenskra eyja. Þessi verk eru, vel á minnst, dásamleg. Þessi sérlega viðkvæmu og smáu verk, sem ekki eru búið til úr öðru en örþunnum krossvið og enn minni ljósum eru skemmtileg, en um leið ýja þau fimlega að þeim skopandi jarðfræðilegu kröftum sem eru ríkjandi á Íslandi. Í öðru nýlegu verki reisir Katrín það sem hún kallar „falskan“ vegg í galleríi í New York, sem lítur út eins og hann hafi alltaf verið þar ef ekki væri fyrir neðsta hluta hans sem var breytt í nákvæma smámynd af framhlið Ísaksskóla í Reykjavík, barnaskóla listakonunnar. Áhrifin eru töfrum líkust. Ísland og New York, bernska og fullorðinsár, grunnskóli og gallerí, allt rennur saman, og þetta er eitt af þeim ótal skiptum sem byggingarlega umbreytingar Katrínar eru tilgerðarlausar, ljóðrænar og snerta mann djúpt.

Það er umhugsunarvert að Katrín hefur hneigst sífellt meira að því að vinna með veggj sem eru að sjálfsögðu fullkomnar hindranir, landamæri, sem skilja okkur frá því sem er fyrir utan og einnig frá hvort öðru. Aftur á móti grefur list Katrínar algerlega undan þeirri hindrun sem veggir fela í sér. Þú getur horft yfir þá eins og risi, umhverfis þá og stundum í gegnum þá, og þeir haga sér heldur ekki sem skyldi: þeir eru ekki hornréttir heldur bugðóttir, lifrænir, og stundum útnir og tættir og koma sífellt á óvart. Í stað þess að loka af ákveðið rými, þá opna þeir fyrir fjöldann allan af nýjum merkingum, tengingum og sálfræðilegum möguleikum, og það er nákvæmlega það sem gerist í hinu sláandi nýja verki Katrínar í Listasafni Reykjavíkur.

Í þessu verki spegla tvær háar einingar, á mótum höggmynda- og byggingarlistar, hvor aðra í rýminu. Líkt og svo mörg verka Katrínar er þessum einingum vandlega stíllt upp en þær eru líka grófar og að því er virðist tilviljanakenndar, og enda þótt áhorfandinn gangist við þeim sem sköndun smíðum, fær hann einnig tilfinningu fyrir grýttum hæðum, fjallháum tindum, jökulbotnum og ísjökum, líkt og náttúran sé á dularfullan hátt að síast inn í haug af hráu byggingarefni. Örsmár sveigður veggur tengir saman þessar tvær einingar. Þó svo hann sé vissulega viðkvæmur, hefur hann mikið vægi í verkinu, ýjar að fjarlægri sjónarrönd eða kráktustig í gegnum fjöllin, en líka óbeint að viðkvæmnislegum tilraunum til að tengja saman fólk, ólíka staði, nútíð og fortið. Allt verkið snýst um féllendar tilfærslur á stærðahlutföllum, á snilldarlegan hátt minnka veggirnir úr fullri hæð niður í nokkra sentimetra frá gólfi. Sama má segja um skilin á milli þess innra og ytra. Hægt er að ganga í kringum verkið, skoða það úr fjarlægð og einnig ganga inn í það, þar sem það breytist í notalega þröngan og afmarkaðan stað. Þetta kyrrstæða verk gefur í skyn hreyfingu í rýminu, en jafnframt hreyfingu á milli vitundarstiga, allt frá ytri sjálfsmynd til nándar við aðra og einveru. Með því að blanda saman hráu byggingarefni og hrárrí náttúru, hefur Katrín skapað verk sem tengir saman byggingarlist, landslag og margslungin sálfræðileg blæbrigði.

Near and Far: On Katrin Sigurdardottir's Sculptures

In 2000, when I first wrote an article about contemporary Icelandic art for *Art in America*, I was fascinated to discover how much artists there continue to be engaged with Iceland itself, with its culture and history, and especially its profound and varied landscape—to a far greater degree, in fact, than anything I have encountered anywhere else. Here is what I wrote about this point: "...one thing you do notice with many (Icelandic) artists, no matter how internationally-minded they are (almost all have studied and lived abroad for some time) is that eventually Iceland itself figures into their work as subject matter, as a physical locus, a trove of images

and materials or—more mysteriously for outsiders—as a comprehensive force with which one is constantly in dialogue. It's not that the compelling work being produced now is about Iceland—far from it. But Iceland is there, in the deep grain of the inquiry; this homeland on the mind which can be approached with a profound sense of connection or with a sharp sense of irony, with wonder and humor, with poetic engagement and tough-minded criticism."

When I wrote this, I did not yet know the work of Katrin Sigurdardottir, which I would encounter a short while later in New York. When I did discover her work, I immediately recognized what had originally fascinated me in Iceland: a savvy and



Ör vinnustofu listamannsins / From the artist's studio

idiosyncratic artist whose work was uncommonly energized by her complex relationship to her homeland, including its spectacular landscape and geology, but also her own rhythms of departure and return, memory, fantasy, and at times alienation and conflict. At the time, Sigurdardottir was making a series of sculptures-as-furniture out of cut foam. The resulting structures were like miniature renditions of vast, and presumably Icelandic, topographical landscapes seen from an airplane, for instance, or better yet from a satellite. These fabricated versions of "nature" had some of the splendor and wonderment of the real thing, but also conjured model-making kits, museum dioramas, and movie props. When nature appears in Sigurdardottir's work, it is always in a highly mediated, "impure" way, subjected to all sorts of cultural and personal transformation and manipulation.

Still, one had the desire to lie down on these peculiar mini-worlds, to close one eyes and dream on them, and to be mentally transported; fused with elements of architecture and design, Sigurdardottir's nature simulacra oftentimes have such a transportive, even mind-bending, power. For her work *High Plane* (2002), Sigurdardottir constructed a high wooden plane as a platform atop upright wooden planks. Two stairways let viewers climb up and poke their heads through square openings to see another of Sigurdardottir's splendid, artificial vistas, in this case 29 miniature mountains (based on Icelandic mountains) all made out of blue insulation material. One had the feeling one was looking for miles and miles at a breathtaking landscape, and not up close at small piles of synthetic stuff from the hardware store. In an unusual twist, when two viewers gazed simultaneously through opposite openings they also eyed one another across a seemingly vast expanse. Sigurdardottir's fabricated landscape thus doubled as a potentially cathartic interpersonal encounter. Elsewhere, Sigurdardottir has installed miniaturized synthetic landscapes made out of polystyrene and model-making materials in shipping crates and suitcase compartments. When the box or the suitcase is

opened, one discovers landscapes which are sometimes based on actual places, but also fictional, and often a combination of both; moreover these hybrid landscapes have a way of seeming at once plausible and altogether otherworldly. Throughout her work, Sigurdardottir typically scrambles the distinctions between near and far, architecture and nature, immediate experience and layers of memory, while concentrating attention on (and thoroughly manipulating) exactly how we perceive.

When it comes to her combination of architecture, design, and landscape, Sigurdardottir points to her years in New York as an abiding influence, more the city itself than the kind of art being produced there. In New York it oftentimes seems that the whole city is in a state of permanent physical flux, with buildings going up and coming down, and with whole neighborhoods constantly morphing into new conditions and new identities.

If you leave even for a few months it is guaranteed that some familiar things will look decidedly unfamiliar when you return, that new buildings will be looming where you never expected them, and that old buildings will be gutted or in the process of renovation. The actual experience of being an artist in New York also oftentimes involves scrambling for studio space and both putting up and tearing down walls over and over. Other factors enter into to Sigurdardottir's work, notably her extensive study of deconstructivist architecture, and her personal experience of making a home in a fractious, foreign city. Sigurdardottir's frequent use of architectural fragments, and the way that her works evoke disruption, dislocation, relocation, and constant reinvention, suggest repetitive efforts to domesticate a city that is at once close and remote, familiar and enduringly alien.

Recent works by Sigurdardottir both use and transform some of the most basic architectural components such as walls, shelves, rooms, storage compartments, and floor plans. In Sigurdardottir's case, however, her architecturally inflected works, which seem beholden to interiors, are suffused with wild news of the outside, and

the outside, in her case, usually (but not exclusively) means Iceland, with its glaciers, coursing rivers, rugged mountains, rocky outcroppings, and jagged lava fields—in short this “homeland on the mind” that enters her work in startling and compelling ways.

One of Sigurdardóttir’s twisting, low-to-the-ground sculptures made from architectural scale lumber and wire mesh conflates the floor plan of the hallway in her New York apartment building with a section of the glacial river Jökulsá á Fjöllum in Iceland; other works in this series refer to the outlines of Icelandic islands. These sculptures, incidentally, are wonderful. Decidedly fragile and non-monumental sculptures, which are made of nothing more than tiny walls and even tinier lights, and which are distinctly playful, deftly allude to the kind of world-shaping geologic forces prevalent in Iceland. For another recent work, Sigurdardóttir constructed what she calls a “false” wall in a gallery in New York, which easily looked as if it had been there forever except for its base, which was transformed into a miniature, yet exact, backlit replica of the façade of the artist’s elementary school in Reykjavik. The effect was magical. Iceland and New York, childhood and adulthood, grade school and art gallery all fused together, and this is one of numerous times when Sigurdardóttir’s architectural transformations seem frankly poetic and deeply touching.

It is interesting that Sigurdardóttir has increasingly gravitated to working with walls, which are, of course, consummate barriers; they are what separates us from the outside, and also from one another. In Sigurdardóttir’s art, however, it is this barrier aspect of walls that gets completely subverted. You see over them, as if you were a giant, around them, at them, and sometimes through them, and they also misbehave: they are not rectilinear but instead curvaceous, organic, at times choppy and ragged, and always surprising. Rather than closing off or defining space, they open space up to a host of new connotations, associations, and psychological possibilities, and that’s precisely what happens with Sigurdardóttir’s striking new project for the Reykjavik Art Museum.

Here, two upright, near-identical structures (both a cross between sculpture and architecture) mirror one another in the space. Like many of Sigurdardóttir’s works, these structures are meticulously arranged, but also rough and seemingly casual, and while you recognize them as quirky architectural structures you also get a feeling of rocky escarpments, mountainous peaks, glacial debris, and ice floes, as if nature were mysteriously infiltrating piles of raw construction materials. A tiny, curving wall connects the two structures. While it is indeed delicate, it also looms large in the work, suggesting distant horizon lines and a meandering path through the mountains, but also, more implicitly, fragile tries for connection between people, disparate places, and present and past. The whole installation involves constant shifts of scale, ranging from quite big to really small, which are masterful, as is the exchange that happens between interiors and exteriors. You can walk around the work, appreciate it from a distance, and also quite literally walk into it, where it becomes an intimate enclosure. Moreover, this static work implies motion within the space, but also between states of being, ranging from one’s public identity to intimacy with others and solitude. Combining raw architectural materials with raw aspects of nature, Sigurdardóttir has devised a work that bridges architecture, landscape, and complex psychological nuances.

Gregory Volk

Opnunartími í Hafnarhúsi og á
Kjarvalsstöðum alla daga 10-17.
Opnunartími í Ásmundarsafni
maí-september 10-16 og október-
apríl 13-16.



Aðgöngumiðinn gildir samdægurs
í öll húsin. Alla sunnudaga kl. 15
er ókeypis leiðsögn í Hafnarhúsinu.

Hafnarhus and Kjarvalsstaðir are
open every day from 10 am-5 pm.
Asmundur Sveinsson Sculpture
Museum - Asmundarsafn is open
May-Sept. 10 am-4 pm and
October-April 1 pm-4 pm.

The entrance ticket is valid the same
day for all three museums. Guided
tours are available upon request.

Listamannspjall Katrínar verður
föstudaginn 20. ágúst, kl. 18 í Fjölnotasal
Hafnarhússins, víðmælandi Gregory Volk.
Sunnudaginn 26. september kl. 15 flytur
listfræðingurinn Eva Heisler fyrirlestur um
list Katrínar.

Conversation with Katrín Sigurðardóttir,
August 20th at 6 pm. Moderator Gregory Volk.
Sunday September 26th at 3 pm, Art historian Eva
Heisler discusses the art of Katrín Sigurðardóttir.



Verkið var unnið í gestavinnustöðu
Lower Manhattan Cultural Council, New York.

The installation was made in residence and
with kind support of the Lower Manhattan
Cultural Council, New York.

